

Alþingi
Erindi nr. P 127/1110
komudagur 8.3.2002



Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation – Navigationsskolen
SKÓLAMEISTARI – PRINCIPAL – REKTOR
Sími: 551-3046 – Telephone: Int. + 551-3046 – Telefax: 562-2750
Netfang - e-mail: gudarm@ismennt.is
SJÓMANNASKÓLI ÍSLANDS v/Háteigsveg, 105 Reykjavík
ISLAND - ICELAND

Reykjavík, 7. mars 2002

Samgöngunefnd Alþingis
ALÞINGI
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu – 302.mál

Með tilliti til þess að sérhvert skip, sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna, er skráningarskylt skv. lögum nr. 115/1985 með síðari breytingum um skráningu skipa tel ég að verði að breyta tillögunni og kveða skýrar á um hvað reglurnar eigi að fjalla.

Í greinargerð kemur fram, að hugmyndin er, að reglurnar nái til þeirra sem stunda veiðar eða aðrar sjávarnytjar eða leiðsögu, tímabundið.

Ennfremur, að smábátar, sem eru nú atvinnutæki fiskimanna, allt að átta metrar á lengd verði í framtíðinni notaðir sem skemmti- og tómstundabátar. Um þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt að setja reglur og má hér nefna reglugerð í nágrannalöndunum um samsvarandi starfsemi og þessa tegund skipa, t.d. í Danmörku.. Hér má nefna reglugerð um frístundaveiðar (fritidsfiskeri, reglug. nr. 757, 21/10, 1998) og sportveiðimenn (lystfiskeri- reglug. nr. 270, 115/1999). Einnig eru í Danmörku reglur um veiðar eða bann við veiðum smábáta á hinum ýmsu svæðum (t.d. Regulering af fiskeriet i Randers-fjord, o.s.frv.).

Virðingarfyllst,


Guðjón Ármann Eyjólfsson
skólameistari

